



Héraðsnefnd Árnésinga

b.s.

3. fundur

haldinn að Hótel Heklu

11. apríl 2014.

1. **Framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Árnésinga b.s., Ari Thorarensen**, setti fundinn og bauð menn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.
2. **Héraðsskjalasafn Árnésinga**. Lagðar fram fundargerðir fagráðs frá 15.1.14 og 2.4.14. Þorsteinn Tryggvi Mátsson sat fyrir svörum, m.a. um húsnæðismál safnsins, sem eru í biðstöðu eins og er. Sagði hann frá geysimikilli aukningu í myndaskráningu auk annarra hefðbundinna gagna; heimsóknum og fyrirspurnum fjölga mjög hratt ár frá ári. Myndasafnið vekur athygli, þar eru samankomnar 85000 myndir á þremur árum. Safnið var fyrst safna sinnar tegundar á landinu að vinna skv. alþjóðlegum stöðlum. Í framtíðinni verður léttara að skoða myndir úr safninu á vefnum, sem er nokkuð svifaseinn enn sem komið er. Var gerður góður rómur að miklum umsvifum og dugnaði starfsmanna á Héraðsskjalasafninu. Til máls tóku auk frkvstj.; Aldís Hafsteinsdóttir, Drífa Kristjánsdóttir, Sveinn Steinarsson og Ragnar Magnússon. Fundargerðir staðfestar, svo og ársreikningur Héraðsskjalasafns Árnésinga.
3. **Tónlistarskóli Árnésinga**. Helga Sighvatsdóttir og Robert Darling. Óvenju margir tónleikar hafa verið haldnir í vetur og stendur starfsemin með blóma, fengu fundarmenn að heyra skemmtilegt brot af tónlistariðkun nemenda. Rythmiska deildin sem sett var á stofn í fyrra, hefur sannað gildi sitt. Þema vetrarins er „Ég og fjölskylda mín“ og hefur margt skemmtilegt og nýstárlegt sprottið úr þeim jarðvegi. Um 200 nemendur tóku stigspróf eða áfangapróf á dögnum. Skólinn fagnar 60 ára afmæli á næsta ári og verður þess minnst 18. apríl 2015 með ýmsum hætti. Gerðar voru athugasemdir við að reikningar Tónlistarskóla Árnésinga eru settir upp með öðrum hætti en hjá hinum stofnunum. Þetta er ekki til hægðarauka, enda hefur héraðsnefnd áður samþykkt að reikningsform stofnana skuli vera samræmt. Voru menn sammála um að reikningshald þyrfti að vera lagfært í samræmi við þetta næst. Til máls tóku Ragnar Magnússon Sandra Dís Hafþórsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir auk frkvstj. Fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árnésinga frá 28.1.2014 staðfest, svo og ársreikningur skólans.

4. **Listasafn Árnesinga:** Inga Jónsdóttir sýndi svipmyndir af safninu í skemmtilegri videomynd. Þar gat að líta yfirlit yfir glæsilegar og fjölbreyttar sýningar ársins. Aðsókn eykst, en fleiri gestir koma „utan svæðis“ en innan. Vonir standa til að þar sem fjárhagur sveitarfélaga fari víða batnandi, muni skapast svigrúm til að styðja við skólaheimsóknir í safnið. Safnstjóra þakkaður mikill faglegur metnaður á öllum sviðum. Til máls tóku Guðmundur Ármann Pétursson, Drífa Kristjánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Sveinn Steinarsson auk frkvstj. Fundargerð fagráðs frá 1.4.2014 staðfest, svo og ársreikningur safnsins samþykktur samhljóða..
5. **Byggðasafn Árnesinga.** Lýður Pálsson lagði fram greinagóða ársskýrslu þar sem fram kemur fjölþætt og hugmyndarík starfsemi safnsins. Einnig lágu fyrir fundargerðir fagráðs Byggðasafnsins frá 14.10.13 – 10.2.14 og 1.4.14. Svaraði síðan fyrirspurnum. Verið er að gera upp Kirkjubæ, þar er stefnt að sýningu alþýðuheimilis um frá því um 1930. Hæpið er talið að fjárhagsáætlun varðandi viðgerðir á Kirkjubæ standist. Rjómabúið að Baugsstöðum einnig rætt; gæti sérstaða þess gefið tilefni til kostunar frá mjólkuriðnaðinum? Því beint til fagráðs, að það skoði hvernig staða og kynning rjómabúsins verði bætt. Til máls tóku Guðmundur Ármann Pétursson, Eggert Valur Guðmundsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir. Einar Sveinbjörnsson skýrði reikninga. Áður tilgreindar fundargerðir staðfestar, einnig ársreikningur Byggðasafns Árnesinga samþykktur samhljóða.
6. **Brunavarnir Árnessýslu.** Kristján Einarsson sagði frá starfseminni. Fundargerð fagráðs Brunavarna Árnessýslu frá 18.12. 2013 lögð fram. Einnig ársreikningur sem Einar Sveinbjörnsson svaraði fyrirspurnum um. Til máls tóku Guðmundur Ármann Pétursson, Aldís Hafsteinsdóttir auk frkvstj. Fundargerð staðfest. Ársreikningur samþykktur samhljóða.
7. **Almannavarnir Árnessýslu.** Lögð fram fundargerð frá 6.12.2013 þar sem sameiginlegur fundur almannavarna á öllu Suðurlandi var haldinn á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um eldfjallavá og áhættumat. Einnig ársreikningur Almannavarna Árnessýslu. Til máls tóku auk frkvstj. Aldís Hafsteinsdóttir og Einar Sveinbjörnsson, sem skýrði reikninginn. Fundargerð staðfest, svo og ársreikningur samþ. samhljóða.
8. **Ársreikningur Héraðsnefndar Árnesinga b.s. 2013:** Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður skýrði reikninginn. Reikningur samþykktur.
9. **Erindi vegna Matarsmiðjunnar á Flúðum** dags. 26.3.14. Fjögur sveitarfélög í uppsveitum gerðu samning við Matís árið 2010 og hafa greitt húsaleigu vegna þessa verkefnis, sem er vottuð og vel búin aðstaða fyrir einstaklinga og smáfyrirtæki til matvælaframleiðslu og vöruþróunar. Nú þarf að taka ákvörðun um framtíð verkefnisins, - vilja menn halda þessu úti lengur, og ættu þá ekki fleiri að koma að því en þessi fjögur sveitarfélög? Einstaklingar virðast ekki nýta sér aðstöðuna eins og vonast var til, heldur þróa sínar vörur oft og tíðum sjálfir. Matís hefur lagt til starfsmann ef og þegar þörf krefur. Til máls tóku Ragnar Magnússon, Aldís Hafsteinsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Drífa Kristjánsdóttir og Skafti Bjarnason. Samþykkt að vísa þessu erindi til umfjöllunar og nánari kynningar á haustfundi héraðsnefndar.

10. **Áshildarmýri.** Unnar Stefánsson, fyrrv. form Árnesingafélagsins í Reykjavík hafði samband við stjórn. Það félag á reit í Áshildarmýri, sem félaginu var gefinn 1945 úr Kílhraunslandi. Félagið er á fallanda fæti. Samkvæmt orðanna hljóðan í gjafaskjali þessu er félaginu óheimilt að selja landspildu þessa, en Héraðsnefnd virðist rétti aðilinn til að taka við henni, fyrst málum er svo háttáð að félagið treystir sér ekki til að sinna um hana. Framkvæmdastjóra og oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps er falið að ganga frá samningi um umsjón og umhirðu og nánari tilhögun ef af verður. Til máls tóku Ari Thorarensen, Skafti Bjarnason, Aðalsteinn Sveinsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Arna Ír Gunnarsdóttir .

11. **Málefni Alviðru.** Ari og Aldís segja frá: Verið er að kanna stærð jarðarinnar og áætlað verðmæti. Ari hefur verið í sambandi við Landvernd um hugsanlega sölu eða skipti á landi. Lögmaður Landverndar telur að hægt sé að selja Alviðru. Söluinni myndi þó alltaf skv. lögum fylgja kvöð í gjafabréfinu um starfsemi á jörðinni. Alviðrustofnun þarf eftir sem áður að vera til, sem umsjónaraðili. Héraðsnefnd væri þá tilbúið til að sinna landinu í Öndverðarnesi ásamt Landvernd og leggja þá fjármuni í að byggja þar upp fyrirtaks útivistarsvæði. Til máls tóku Helgi S. Haraldsson, Sveinn Steinarsson, Eyþór H. Ólafsson, Skafti Bjarnason, Guðmundur Ármann Pétursson, Aðalsteinn Sveinsson, Drífa Kristjánsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir. Framkvæmdastjórn falið að leita frekari upplýsinga og afla viðeigandi gagna og vinna áfram að þessu máli.

12. Fundargerðir framkvæmdastjórnar:

- a) 9. fundur 16.9.13: M.a. áður framkomin atriði í umræðu um Héraðsskjalasafn. Málefni Hamars, verknámshúss Fsu m.a. rædd. Hvorki hefur gengið né rekið í því máli. Einnig rædd sú staða, þegar fólk vinnur mjög mikla nefnda- eða verkefnavinnu á vegum Héraðsnefndar, þá þurfi að vera tryggt að fólkið fái greitt fyrir. Til máls tóku um þessa fundargerð auk framkvæmdastjóra: Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Drífa Kristjánsdóttir, Ragnar Magnússon, Sveinn Steinarsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Ari Thorarensen.
- b) 10. fundur 11.2.14: Þar er m.a. rætt að selja húseignina Hrísholt 8, sem héraðsnefnd á með Árborg. Í framhaldi af því lagði Aldís Hafsteinsdóttir fram eftirfarandi tillögu: „*Framkvæmdastjórn er falið að hefja viðræður við Svf. Árborg um hvort það hafi hug á að kaupa eignarhluta Héraðsnefndar Árnesinga b.s. í húsinu Hrísholti 8. Náist ekki samningar þar um, er framkvæmdastjórn falið að leita samkomulags við Svf. Árborg um sölu hússins á almennum markaði.*“ Samþykkt samhljóða. Ari Thorarensen sat hjá. Til máls tóku Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Ari Thorarensen, Eyþór H. Ólafsson, Ragnar Magnússon, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Sveinn Steinarsson, Aðalsteinn Sveinsson.
- c) 11. fundur 4.4.14.

Fundargerðir þessar samþykktar samhljóða.

13. Önnur mál.

- a) **Sala á hutabréfum í Ramma.** Sveinn Steinarsson kannaði verð og sagði frá. Héraðsnefnd Árnesinga er skráð f. 437 hlutum. Samkv. upplýsingum frá Ramma hf.má fyrirtækið kaupa eigin bréf á genginu 7,4 sem er sama og innra virði

hlutafjár. Skv. þessu má Rammi greiða kr. 499.751 fyrir þau miðað við skráð gengi 11.4.2014. Ekki eru neinar hömlur á meðferð hlutabréfanna.
Framkvæmdastjórn falið að fara eftir fyrri ályktunum um sölu á þessum hlutabréfum.

Ekki voru fleiri mál til umræðu. Ari Thorarensen þakkaði öllum héraðsnefndarmönnum og starfsmönnum góða samvinnu og samveru síðustu fjögur ár. Sveitarstjórnarkosningar eru á næsta leiti. Sumir héraðsnefndarmenn hverfa af vettvangi, en aðrir taka sæti í héraðsnefnd í þeirra stað. Óskaði hann þeim öllum velfarnaðar, og kvaðst vona að Héraðsnefnd Árneseinga mætti rækja vel sitt hlutverk, hér eftir sem hingað til. Sagði síðan fundi slitið.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur bauð fundarmönnum í ökuferð um sveitina, stefnt var í Árnes, þar sem Þjórsárstofa er starfrækt, og skoðuð merk myndasýning. Boðið var til veglegs kvöldverðar á Hótel Heklu í ferðalok. Þakkaði Ari góðar móttökur og viðurgjörning allan í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Halla Guðmundsdóttir
ritari Héraðsnefndar Árneseinga b.s.

Eftirtaldir héraðsnefndarmenn/áheyrnarfulltrúar
sátu fundinn:

Sveinn Steinarsson	sveinn@olfus.is
Sandra Dís Hafþórsdóttir	sandradis@arborg.is
Arna Ír Gunnarsdóttir	arna@arborg.is
Helgi S. Haraldsson	hllh@eimskip.is
Eggert Valur Guðmundsson	eggertvalur@arborg.is
Guðmundur Ármann Pétursson	gag@gogg.is
Hörður Óli Guðmundsson	hordur@gogg.is
Esther Guðjónsdóttir	esther@centrum.is
Þórdís Erla Sigurðardóttir	thordise@arborg.is
Stefán Jónsson	stefan@olfus.is
Björgvin Skafti Bjarnason	oddviti@skeidgnup.is
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir	johannayr@sunnulaekjarskoli.is
Ragnar Magnússon	ragnar@fludir.is
Drífa Kristjánsdóttir	torfast@simnet.is
Aðalsteinn Sveinsson	adalsteinn@floahreppur.is
Eyþór H. Ólafsson	eho@eimskip.is
Aldís Hafsteinsdóttir	aldis@hveragerdi.is
Ari B. Thorarensen	arith@simnet.is
Ingibjörg Garðarsdóttir	inga@arborg.is

(sign)